

Hjálpin veitist þann tíma og á þann hátt, sem trúnaðarmálanefnd metur að nauðsyn sé á hverju sinni.

Heimilisþjónustan felur í sér eftirtalin atriði:

1. Aðstoð við aldraða í þeim tilgangi að gera þeim kleift að dvelja lengur í heimahúsum.
2. Aðstoð við sjúklinga í heimahúsum í þeim tilgangi að stytta sjúkrahúsvist eða jafnvel að koma í veg fyrir hana.
3. Umsjón með heimili, þar sem húsmóðir eða heimilisfaðir eru veik.
4. Aðstoð við fatlaða.
5. Önnur tilfelli, sem meta skal hverju sinni.

3. gr.

Trúnaðarmálanefnd ber að ganga úr skugga um, að þeir aðilar er heimilishjálpa stunda, séu hæfir til starfsins og gefa þeim kost á að sækja námskeið til að auka þekkingu sína á þessu sviði.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilisþjónustu.

5. gr.

Sveitarstjórn setur starfsfólki heimilisþjónustunnar ákveðnar starfsreglur.

6. gr.

Sveitarsjóður Mosfellshrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem starfslið það er vinnur á vegum heimilisþjónustunnar kann að valda við störf sín.

7. gr.

Fyrir heimilisþjónustuna skv. reglugerð skal sá er hjálpar nýtur, greiða eftir taxta sem sveitarstjórn setur. Þar skal tekið tillit til tekna viðkomandi og kostnaðar við hjálpa. Skal taxti þessi breytast í samræmi við breytingar á launum.

Sveitarstjórn getur sett nánari reglur um greiðslu, innheimtu og annað, sem hún telur máli skipta í þessu efni.

8. gr.

Skrifstofa Mosfellshrepps annast bókhald og fjárreiður heimilisþjónustunnar og skulu reikningar hennar færðir með öðrum reikningum sveitarsjóðs og endurskoðast með sama hætti.

9. gr.

Um greiðslu kostnaðar fer skv. lögum nr. 10 frá 25. jan. 1952 um heimilishjálp í viðlögum með síðari breytingum.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Mosfellshrepps, staðfestist hér með skv. lögum nr. 10, 25. jan. 1952 um heimilishjálp í viðlögum til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 14. janúar 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.